

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

#### 2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

#### 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 19.500.
- b) Gjöld í endurvinnslustöð á Dalvík er samkvæmt eftirfarandi töflu:

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð					
Flokkur	Áætlað magn allt að		Móttökugjald og flutningur kr.	Urðunargjald kr.	Samtals kr.
A	100 kg	1,5 m <sup>3</sup>	2.500	3.000	5.500

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttökugjald og flutning 25 kr. og 30 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m<sup>3</sup> umfram 1,5 m<sup>3</sup> bætist 2.500 kr. fyrir móttökugjald og flutning og 3.000 kr. í urðunargjald.

- c) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- d) Gjaldskrá Flokkunar Eyjafjarðar ehf. er hluti af gjaldskrá þessari.
- e) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 194/2009 úr gildi.

Gjaldskráin var staðfest á 124. fundi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

*Staðfest af bæjarstjórn Dalvíkurbyggð, 19. janúar 2010.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.